

Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um niðurskurð mannafla heilbrigðisstofnana.

1. *Hver er áætlaður raunniðurskurður mannafla heilbrigðisstofnana árið 2011, sundurliðað eftir starfsstéttum?*

Í töflu 1 eru upplýsingar sem safnað var til að svara fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar, svar á þskj. 875 – 447. mál, en þar var spurt um fækkun starfa á heilbrigðisstofnunum vegna niðurskurðar í fjárlögum 2011. Gert er ráð fyrir að raunniðurskurður mannafla heilbrigðisstofnana árið 2011 svari til alls 86,7 stöðugilda. Auk sundurliðunar eftir starfsstéttum má í töflunni sjá fækkun starfsmanna og stöðugilda eftir stofnunum og kyni.

Tafla 1

Stofnun:

Heilbrigðisstofnun Austurlands
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Fækkun starfsmanna eftir kyni ¹		Fækkun stöðugilda eftir kyni ²		Fækkun stöðugilda eftir starfsgreinum					Fækkun stöðug. alls		
Karlar	Konur	Karlar	Konur	Læknar	Hjúkrunarfræðingar	Sjúkraliðar	Starfsm. í umönnun	Annað			
1	10	1,0	9,7		2,4	0,5	4,4	3,4	10,7		
3	32	1,7	16,1	0,7	5,6	7,0		4,5	17,8		
									0,0		
4	7	1,5	4,8				4,8	1,5	6,3		
1	11	1,0	13,1		0,8	4,6		8,7	14,1		
3	10	2,0	9,0	1,0	5,0			5,0	11,0		
1	3	1,0	2,9			0,2	1,6	2,1	3,9		
1	10	1,4	8,5		1,4		5,2	3,3	9,9		
1	1	0,5	1,0					1,5	1,5		
	2	1,0	6,0	1,0	1,0	1,0	2,0	2,0	7,0		
	6		4,5		1,5	1,0	1,0	1,0	4,5		
Samtals		15	92	11,1	75,6	2,7	17,7	14,3	19,0	33,0	86,7

¹ Fjöldi starfsmanna í 10–100% starfi sem missa vinnuna alfarið.

² Talin með lækkun stöðugilda þar sem starf verður áfram að hluta. Lækkun stöðugildis úr 100% í 50% er 0,5.

Til frekari skýringa og samanburðar eru í töflu 2 upplýsingar úr svari á þskj.138 – 51. máli, um heildarfjölda starfsmanna og stöðugilda á hverri stofnun, ásamt svörum heilbrigðisstofnana um fækkun stöðugilda og reiknuðu hlutfalli þeirra af heildarfjölda stöðugilda.

Tafla 2

	Heildarfjöldi starfsmanna ¹	Fjöldi stöðugilda í dagvinnu ²	Fækkun stöðugilda alls	Fækkun stöðugilda alls %
<i>Stofnun:</i>				
Heilbrigðisstofnun Austurlands	364	254	10,7	4,2%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	379	247	17,8	7,2%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	296	212	0,0	0,0%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	159	119	6,3	5,3%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	469	295	14,1	4,8%
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	159	103	11,0	10,7%
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	70	50	3,9	7,8%
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	96	56	9,9	17,6%
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	46	29	1,5	5,2%
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	145	105	7,0	6,6%
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	102	69	4,5	6,5%
Samtals	2.285	1.539	86,7	5,6%

¹ Fjöldi kennitalna á launaskrá, skv. launakerfi ríkisins m.v. máimánuði 2010

² Dagvinnustöðugildi

2. Hver eru áætluð áhrif niðurskurðar sem var frestað til ársins 2012 á mannafla heilbrigðisstofnana, sundurliðað eftir starfsstéttum?

Frestun á niðurskurði var af tvennum toga. Annars vegar var frestað fjórðungi þeirra lækunar sem fyrirhuguð var 2011 vegna þess hve stutt var í áramót og ljóst að áhrif aðgerða sem snúa að starfsmannahaldi mundu ekki ná fram að ganga fyrr en í apríl 2011. Hins vegar var ákveðið að engin stofnun skyldi standa frammi fyrir meiri samdrætti en sem nam 10% af gildandi fjárlögum.

Heilbrigðisstofnanir hafa ekki kynnt tillögur um niðurskurð fyrir árið 2012, né liggja fjárlagatillögur næsta árs fyrir. Ekki er því hægt að áætla áhrif niðurskurðar 2012 á mannafla fyrir en nánari upplýsingar liggja fyrir. Hægt er þó að fullyrða að þau aðhaldsáform sem frestað var til ársins 2012, ef af þeim verður, leiða ekki til uppsagna nema í litlum mæli á næsta ári.